



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 09. maí 2017

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna (Þingskjal 569 — 436. mál.)

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boðið um að senda inn umsögn við ofanefnt frumvarp.

Samtökin fagna því að fram sé komið frumvarp sem tryggja á jafna meðferð mála óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og telja það tímabært og afar mikilvægt. Jafnframt fagna samtökin því hve heildstæða hugsun má greina í frumvarpinu þar sem fjallað er um bann við mismunun á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnurmarkaðar (sem sérstaklega verður kveðið á um í öðru frumvarpi). Afar gott er að sjá sérstaklega fjallað um bann við mismunun í tengslum við félagslega vernd og í skólum og á uppeldisstofnunum.

Barnaheill vilja leggja til að bætt verði við frumvarpið ákvæði sem tryggir réttindi barna sérstaklega, rétt þeirra til réttlátrar málsmeðferðar, að þau fái upplýsingar um rétt sinn til jafnar meðferðar, upplýsingar um hvert þau geti leitað telji þau á sér brotið og rétt þeirra til þátttöku í meðferð máls. Vísast sérstaklega til [Leiðbeiningarreglna ráðherranefndar Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu](#).

Ákvæði 10. greinar um bann við mismunun í skólum og á uppeldisstofnunum, er nauðsynlegt að útfæra nánar t.a.m. í reglugerð að mati samtakanna. Mikilvægt er að gefa leiðsögn um hvað teljist mismunun og hvernig börn, eða aðstandendur þeirra fyrir þeirra hönd, geti leitað réttar síns um mismunun innan skólakerfis og á uppeldisstofnunum. Að mati Barnaheilla má nefna dæmi um ójafnan aðgang að menntun, þar sem börn af erlendum uppruna hafa ekki trygga kennslu í eigin móðurmáli, en það er talið vera afar mikilvægt svo erlend börn á Íslandi geti stundað og nýtt sér nám á við börn sem hafa íslensku að móðurmáli.

Barnaheill benda á mikilvægi þess að undirbúa stjórnsýsluna vel fyrir framkvæmd laganna, að gert sér ráð fyrir nægu fjármagni og starfsfólki til að sinna framkvæmdinni.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja mikla áherslu á að öllum börnum sé tryggð öll réttindi hans án mismununar af nokkru tagi.